

**Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 12. maí 2021 vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Jöfursbás 9.**

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Jöfursbás 9, birtist í Frétta-og Lögbirtingarblaðinu föstudaginn 14. maí nk. Tillagan er í kynningu frá 14. maí 2021 til og með 30. júní 2021. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð: <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/jofursbas-9>

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

**Jöfursbás 9**

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 7. apríl 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 29. apríl 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Gufuness, áfanga 1, vegna lóðarinnar nr. 9 við Jöfursbás. Í breytingunni felst að svalir megi ganga 160 cm út fyrir byggingarlínu á götuhlið, fallið verði frá kröfu um aukna salarhæð á jarðhæðum, svalagangar að götum mega vera 50% að heildarlengd byggingarreits, leyfilegt verði að fækka bílastæðum með samkomulagi um deilibíla, stærðarviðmiðum íbúa breytt, aðalinngangur verður úr sameiginlegum miðgarði, heimilt verði að hafa opin stigahús ef brunahönnun leyfir og fallið verður frá kröfu um inndregna efstu hæð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **14. maí 2021 til og með 30. júní 2021**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is), skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is), eigi síðar en 30. júní 2021. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Kveðja,  
Þuríður Guðmundsdóttir

Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið

Skrifstofa skipulagsfulltrúa

Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík

Sími: 411-1111 - Netfang: [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is)